

# Nova Klúbburinn birtir uppgjör þriðja ársfjórðungs 2024



Góður rekstur skilar sterku sjóðstreymi og hagnaði

## Helstu niðurstöður á þriðja ársfjórðungi:

- Heildartekjur voru 3.388 m.kr. á þriðja ársfjórðungi 2024 og vaxa um 4,1% á milli ára
- Þjónustutekjur námu samtals 2.713 m.kr. og vaxa um 8,5% á milli ára.
- EBITDA nam 1.198 m.kr. samanborið við 1.095 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári, EBITDA hlutfallið var 35,4% á fjórðungnum samanborið við 33,7% á fyrra ári.
- Hagnaður þriðja ársfjórðungs var 322 m.kr. og hækkar um 20,9% frá fyrra ári
- Hagnaður á hlut eykst um 25,6% milli ára
- Handbært fé frá rekstri á fjórðungnum er 1.161 m.kr.
- Hrein fjármagnsgjöld á fjórðungnum nema 234 m.kr. og hækka um 4,6% frá fyrra ári.
- Eiginfjárhlutfall var 40,3% í lok fjórðungsins og eigið fé nam samtals 9.566 m.kr.
- Viðskiptavinum fjölga á árinu, bæði í Flakk- og Fastneti.

## Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- og forstjóri Nova:

Það er ánægjulegt að kynna niðurstöður þriðja ársfjórðungs sem var yfir væntingum okkar. Með áframhaldandi samstilltu átaki tekst Nova liðinu áfram að bregðast við þeim áskorunum sem eru í rekstrarumhverfinu og skila góðum rekstri. Heildartekjur jukust milli ára og hafði þar mest áhrif veruleg aukning þjónustutekna. EBITDA og hagnaður tímabilsins eru einnig að vaxa vel milli ára og reksturinn skilar góðu sjóðstreymi, þar sem handbært fé frá rekstri er það mesta á einum fjórðungi frá stofnun. Nýjungum og viðbótum við Fyrirþig vildarklúbbinn okkar var vel tekið og viðskiptavinum okkar fjölgaði. Reksturinn gengur vel í krefjandi umhverfi og er í takt við okkar áætlanir og spár fyrir árið.

Við höfum haldið okkar striki í fjárfestingum í fjarskiptainviðum, en öflugir innviðir eru einn okkar helstu styrkleika. Aukin afkastageta fjarskiptanetsins okkar hefur skilað því að tekjur af sérlausnum á fyrirtækjemarkaði fara vaxandi, enda styður áhersla okkar á innviðaupbyggingu vel við stórnótendur í gagnaflutningum.

Við höfum haldið áfram að beina athygli okkar að geðrækt og verkefnum sem tengjast félagslegri sjálfbærni. Það er mikilvægur hluti af okkar starfsemi að vera með viðskiptavinum okkar í liði í því að gæta að því að tæknin sé að gera gagn og gera lífið skemmtilegra. Við stóðum einnig fyrir Trúnó vinnustofu með Mental, þar sem við fjölluðum um þær áskoranir sem stjórnendur og starfsfólk standa frammi fyrir og bregðast þarf við tengt geðheilsu á vinnustaðnum.

Það var okkur mikið ánægjuefni að hljóta viðurkenningu Jafnvægisvogar FKA fjórða árið í röð, en markmið Jafnvægisvogarinnar er að eftir þrjú ár verði hlutfallið milli kynja í framkvæmdastjórnnum íslenskra fyrirtækja að minnsta kosti 40/60. Okkur finnst jafnrétti og fjölbreytni í Nova liðinu ekki bara góð stefna, heldur er það lykillinn að þeim árangri sem við höfum náð.

Áhersla okkar á geðrækt er líka liður í þeim árangri. Nú þegar nóvember og desember ganga í garð, er mikilvægt að minna á mikilvægi þess. Aðventan er yndisleg en henni getur líka fylgt streita og álag. Við munum hvetja fólk til þess að vera til staðar hvert fyrir annað, njóta augnabliksins og samverunnar. Stuðsvellið á Ingólfstorgi er fyrir löngu orðið ómissandi hluti af jólunum fyrir marga, og það verður auðvitað á sínum stað í ár. Það er fullkomin leið til að gleyma sér í jólaósinni og njóta samveru í góðum félagskap.


## Helstu niðurstöður í rekstri á fyrstu 9 mánuðum ársins:

### Tekjustofnar

	3F 2024	3F 2023	Breyting	%
FlakkNet	1.698	1.604	94	5,9%
FastNet	1.015	896	119	13,3%
Vörusala	410	452	-42	-9,3%
Aðrar tekjur	266	303	-38	-12,4%
Heildar rekstrartekjur	3.388	3.255	133	4,1%

	9M 2024	9M 2023	Breyting	%
FlakkNet	4.824	4.653	171	3,7%
FastNet	2.892	2.656	236	8,9%
Vörusala	1.265	1.393	-128	-9,2%
Aðrar tekjur	806	940	-133	-14,2%
Heildar rekstrartekjur	9.787	9.642	145	1,5%


### Heildartekjur




Heildartekjur á fyrstu níu mánuðum ársins vaxa um 1,5% og námu samtals 9.787 m.kr.

Þjónustutekjur, sem samanstanda af tekjum frá viðskiptavinum á FlakkNeti og FastNeti, námu samtals 7.716 m.kr. og vaxa um samtals 406 m.kr., sem er 5,6% vöxtur á milli ára. Þessi tekjuvöxtur skýrist m.a. af góðri fjölgun viðskiptavina á FastNetinu í framhaldi af stækkun þjónustusvæðis í upphafi árs. En einnig er aukning í reikitekjum af ferðamönnum og tekjur af sérlausnum á fyrirtækjamarkaði eru að aukast, þar sem innviðauppbýgging Nova er að styðja vel við stórnotendur í gagnaflutningum.

### FastNet




### FlakkNet




Vörusölutekjur námu samtals 1.265 m.kr. og dragast saman um 128 m.kr. sem er 9,2% lækkun á milli ára. Skýrist sú lækkun sem fyrr einna helst af minni sölu símtækja þar sem líftími þeirra er að jafnaði lengri en áður. Gera má ráð fyrir sambærilegum samdrætti í vörusölu út þetta ár. Útfösun á 2G/3G fjarskiptatækni kallar þó á endurnýjun eldri tækja, sem ekki styðja 4G, á seinni hluta árs þar sem áfram er áætlað að slökkt verði á 2G tækni um næstu áramót.

Aðrar tekjur nema samtals 806 m.kr. og dragast saman um 133 m.kr., eða um 14,2% á milli ára. Á fyrsta ársfjórðungi samanburðarárs voru færðar einskiptistekjur vegna eignasölu upp á 37 m.kr. undir aðrar tekjur, leiðrétt fyrir þeim lið eru aðrar tekjur að dragast saman um 10,6%, sem skýrist helst af lækkun á öðrum sölutekjum svo sem fastlínutekjum og tekjum vegna samrekstrar.

### Vörusala



### Aðrar tekjur\*



## Rekstrarreikningur

	3F 2024	3F 2023	Breyting / %		9M 2024	9M 2023	Breyting / %	
Heildar rekstrartekjur	3.388	3.255	133	4,1%	9.814	9.666	148	1,5%
Kostnaðarverð seldra vara	1.546	1.569	-23	-1,5%	4.544	4.635	-91	-2,0%
Laun og launatengd gjöld	434	408	26	6,3%	1.468	1.336	131	9,8%
Annar rekstrarkostnaður	211	182	28	15,5%	739	676	62	9,2%
Heildar rekstrargjöld	2.190	2.159	31	1,4%	6.750	6.648	102	1,5%
EBITDA	1.198	1.095	103	9,4%	3.063	3.018	45	1,5%
EBITDA%	35,4%	33,7%	1,7%	5,1%	31,2%	31,2%	0,0%	0,0%
Afskriftir	(-534)	(-539)	5	-1,0%	(-1.635)	(-1.590)	(-45)	2,8%
Rekstrarhagnaður	665	556	108	19,5%	1.429	1.428	0	0,0%
Fjármunat. og (fjármagnsgj.)	(-234)	(-224)	(-10)	4,6%	(-694)	(-746)	52	-7,0%
Tekjuskattur	(-108)	(-66)	(-42)	63,9%	(-172)	(-135)	(-36)	26,8%
Hagnaður tímabilsins	322	266	56	20,9%	563	547	16	3,0%
Hagnaður á hlut	0,09	0,07	0,018	25,6%	0,15	0,14	0,010	6,9%

Heildar rekstrargjöld á fyrstu níu mánuðum ársins nema samtals 6.750 m.kr. og hækka um 1,5% á milli ára. Kostnaðarverð seldra vara nemur samtals 4.544 m.kr. og lækkar um 91 m.kr. á milli ára. Sú lækkun skýrist helst af lægri innkaupakostnaði vegna minni vörusölu, en á móti hækkar þjónustukostnaður lítillega vegna fjölgunar viðskiptavina. Framlegðarhlutfall í vörusölu er almennt lágt ef miðað er við þjónustutekjur, en jákvætt er að horfa á að nettó framlegð stendur nokkurn veginn í stað á milli ára, sem vegur upp á móti lækkun tekna og hefur því lítil áhrif á rekstrarhagnað.



Laun og launatengd gjöld nema samtals 1.468 m.kr. og hækka um 131 m.kr. sem nemur 9,8% hækkun. Sú hækkun skýrist einna helst af almennum launahækkunum, en stöðugildum fjölgar einnig lítillega milli ára. Orlofskuldbinding á tímabilinu er einnig hærri á milli ára, en gert er ráð fyrir að hún lækki út árið og jafnist við fyrra ár. Annar rekstrarkostnaður nemur samtals 739 m.kr. og hækkar um 62 m.kr. sem nemur 9,2% hækkun á milli ára, sú hækkun skýrist helst af almennum verðlagshækkunum. Þann 1. mars uppfærði félagið fjárhagskerfi sitt í skýjalaun og hafa þá bæði fjárhags- og reikningagerðarkerfi verið uppfærð í skýjalaunir sem birtist nú í hærri rekstrargjöldum en mun á móti hafa áhrif til lækkunar í afskriftum fram veginn.

EBITDA nemur samtals 3.063 m.kr. EBITDA hlutfall tímabilsins er 31,2% og helst óbreytt milli ára.

Hrein fjármagnsgjöld nema samtals 694 m.kr. og lækka um 7,0% á milli ára. Sú lækkun skýrist helst af lægri verðbólgu sem og lægri stöðu vaxtaberandi lána.

Hagnaður tímabilsins var 563 m.kr. og hækkar um 16 m.kr. frá fyrra ári. Hagnaður á hlut er 0,15 kr. og hækkar um 6,9% frá fyrra ári.

### Hagnaður tímabilsins



\*Tölur leiðréttar fyrir hagnaði vegna sölu óvirkra innvið á 4F '21



## Efnahagur

	30.9.2024	31.12.2023	Breyting	%
Viðskiptavild	10.136	10.049	88	0,9%
Óefnislegar eignir	1.443	1.639	-196	-12,0%
Rekstrarfjármunir	4.026	4.030	-4	-0,1%
Leigueignir	4.441	4.292	149	3,5%
Aðrar eignir	3	3	0	0,0%
Tekjuskattsinnæign	530	476	55	11,5%
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>20.579</b>	<b>20.488</b>	<b>90</b>	<b>0,4%</b>
Birgðir	436	405	30	7,5%
Viðskiptakröfur	1.228	1.125	104	9,2%
Aðrar skammtímaskröfur	628	655	-26	-4,0%
Handbært fé	848	497	351	70,7%
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>3.140</b>	<b>2.681</b>	<b>459</b>	<b>17,1%</b>
<b>Eignir samtals.....</b>	<b>23.719</b>	<b>23.170</b>	<b>549</b>	<b>2,4%</b>
<b>Eigið fé.....</b>	<b>9.566</b>	<b>9.277</b>	<b>289</b>	<b>3,1%</b>
Vaxtaberandi langtímask.	1.916	1.995	-79	-3,9%
Leiguskuldbindingar	6.495	6.329	166	2,6%
Aðrar skuldir	3.066	2.964	103	3,5%
<b>Langtímaskuldir samtals</b>	<b>11.478</b>	<b>11.287</b>	<b>190</b>	<b>1,7%</b>
Næsta árs afb. langtímask.	104	100	4	3,9%
Viðskiptaskuldir	1.071	813	259	31,8%
Ógreiddir skattar	205	275	-70	-25,4%
Næsta árs afb. leiguskuldb. og annarra skulda	274	244	30	12,3%
Aðrar skammtímaskuldir	1.021	1.174	-153	-13,0%
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>2.675</b>	<b>2.606</b>	<b>70</b>	<b>2,7%</b>
<b>Skuldir samtals.....</b>	<b>14.153</b>	<b>13.893</b>	<b>260</b>	<b>1,9%</b>

Fastafjármunir félagsins námu 20.579 m.kr. í lok tímabilsins en voru 20.488 m.kr. um áramót. Óefnislegar eignir og rekstrarfjármunir breytast í takt við afskriftir og fjárfestingar á tímabilinu. Leigueignir hækka lífillega vegna nýrra sendastaða umfram afskriftir. Veltufjármunir félagsins námu samtals 3.140 m.kr. í lok tímabilsins en voru 2.681 m.kr. um áramót, viðskiptakröfur og birgðir hækka lífillega vegna árstíðarbundinna sveiflna, handbært fé hækkar í línu við hagnað og jákvætt sjóðstreymi tímabilsins.

Eigið fé félagsins nam 9.566 m.kr. í lok tímabilsins en var 9.277 m.kr. um áramót. Eiginfjárlutfall félagsins var 40,3% í lok tímabilsins samanborið við 40,0% um áramót.

Langtímaskuldir félagsins námu samtals 11.478 m.kr. í lok tímabilsins en voru 11.287 m.kr. um áramót. Vaxtaberandi langtímaskuldir lækka með samningsbundnum afborgunum, en leiguskuldbindingar og aðrar skuldir hækka lífillega vegna nýrra sendastaða. Skammtímaskuldir félagsins námu 2.675 m.kr. í lok tímabilsins en voru 2.606 m.kr. um áramót, sú hækkan skýrist helst af árstíðabundinni hærri stöðu viðskiptaskulda.



## Sjóðstreymi


	3F 2024	3F 2023	Breyting	9M 2024	9M 2023	Breyting
Veltufé frá rekstri	1.198	1.095	103	3.063	3.018	45
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	180	(-39)	219	(-121)	(-217)	96
Vaxtatekjur (Vaxtagjöld)	(-184)	(-180)	(-4)	(-531)	(-542)	10
Greiddir skattar	(-59)	0	(-59)	(-158)	(-254)	97
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>1.135</b>	<b>877</b>	<b>259</b>	<b>2.253</b>	<b>2.005</b>	<b>248</b>
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(-290)	(-232)	(-58)	(-1.092)	(-1.176)	84
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(-43)	(-67)	24	(-152)	(-217)	65
Uppgjör vegna kaupa á félagi 2017	0	0	0	(-88)	0	(-88)
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<b>(-333)</b>	<b>(-298)</b>	<b>(-34)</b>	<b>(-1.331)</b>	<b>(-1.393)</b>	<b>61</b>
Keypt eigin bréf	(-131)	(-149)	17	(-274)	(-235)	(-40)
Afborgun leiguskuldbindinga	(-57)	(-50)	(-7)	(-169)	(-145)	(-24)
Afborgun annarra langtímaskuldbindinga	(-13)	(-11)	(-2)	(-40)	(-34)	(-6)
Afborganir langtímalána	(-26)	(-33)	7	(-79)	(-99)	20
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	<b>(-228)</b>	<b>(-243)</b>	<b>15</b>	<b>(-563)</b>	<b>(-513)</b>	<b>(-50)</b>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	574	336	239	359	100	260
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	1	(-0)	1	(-8)	2	(-10)
Handbært fé í upphafi tímab.	273	431	(-158)	497	665	(-168)
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b>	<b>848</b>	<b>766</b>	<b>82</b>	<b>848</b>	<b>766</b>	<b>82</b>

Handbært fé frá rekstri er 2.253 m.kr. og hækkar um 245 m.kr. frá fyrra ári. Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum eru jákvæðari samanborið við fyrra ár sem skýrist helst vegna hækkunar viðskiptaskulda sem lækkuðu á sama tímabili á fyrra ári. Greiddir skattar eru lægri, sökum ofgreiðslu skatta í upphafi samanburðarárs, en einnig eru greidd vaxtagjöld lægri sökum lægri stöðu vaxtaberandi lána.

Fjárfestingahreyfingar námu 1.331 m.kr. samanborið við 1.393 m.kr. á fyrra ári og lækka um 61 m.kr. Lækkunin skýrist af minni fjárfestingum miðað við fyrra ár bæði í rekstrarfjármunum sem og óefnislegum eignum, en á móti kemur uppgjörsgreiðsla í mars tengd kaupum á félagi á árinu 2017.

Fjármögnunarhreyfingar eru 563 m.kr. á tímabilinu samanborið við 513 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári. Í byrjun janúar lauk félagið endurkaupum hlutabréfa í samræmi við samþykkt aðalfundar frá því í mars 2023, með kaupum á 10.810 þúsund eigin hluta fyrir heildarupphæð 44,8 m.kr. Í apríl hóf félagið svo framkvæmd nýrrar endurkaupaáætlunar og keypti 60,3 milljón eigin hluta fyrir samtals 229,5 m.kr. á tímabilinu til loka september.

### Handbært fé frá rekstri



## Fjárfestingar

Fjárfestingar á tímabilinu eru í samræmi við heildaráætlanir ársins, sem áætlað er að lækki um 400 m.kr. frá fyrra ári. Fjárfestingar í rekstrarfjármunum nema samtals 1.092 m.kr., en þar er um að ræða uppbyggingu fjarskiptakerfisins, bæði kjarna og dreifikerfi, þar sem m.a. er unnið að því að innleiða svokallaða 5G standalone tækni.

Fjárfestingar í óefnislegum eignum nema samtals 152 m.kr. og innihalda m.a. þróun og viðbætur á þjónustukerfum, vef og appi sem og fyrrnefnda uppfærslu á fjárhagskerfi sem nú er rekið í skjálalausn.

## Horfur fyrir árið 2024

Félagið gerir ráð fyrir að tekjur verði á bilinu 13.100 m.kr. til 13.700 m.kr. og EBITDA verði á bilinu 3.800 m.kr. til 4.100 m.kr. Einnig er áætlað að heildar fjárfestingar verði um það bil 12%-14% af heildartekjum.

## Þjónusta við hluthafa og fjárfesta

Á fjárfestavef Nova Klúbbsins <https://www.nova.is/fjarfestar> geta hluthafar og fjárfestar nálgast ítarlegri upplýsingar um businessinn hjá Nova Klúbbum í sögulegu samhengi. Námskeið á vegum Akadémíás í úrlestri ársreikninga, er aðgengilegt á vef Nova.

Fjárfestar og hluthafar geta skráð sig í aðdáendaklúbbinn og þannig fengið fjárfestafréttir með öllum nýjustu fréttum, upplýsingum um reksturinn, uppgjör og viðburði sendar beint á netfangið sitt.

## Fjárhagsdagatal 2024

Ársuppgjör 2024	27. febrúar 2025
Aðalfundur 2025	27. mars 2025

## Nova

Nova var stofnað árið 2006 og er nú orðið eitt af stærstu og öflugustu fjarskiptafyrirtækjum landsins. Fyrirtækið á og rekur sína eigin virku innviði vítt og breitt um landið. Í Nova liðinu eru um 150 starfsmenn á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Selfossi. Nova hefur frá upphafi verið í farabroddi í innleiðingu nýjustu tækni og hefur fjárfest markvisst í uppbyggingu virkra innviða í sinni eigu sem mun tryggja Nova áframhaldandi forystu á fjarskiptamarkaði. Farsíma- og netkerfi Nova nær til 98% landsmanna.

## Nánari upplýsingar

Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- & forstjóri, [margret@nova.is](mailto:margret@nova.is), s. 770 1070  
Þórhallur Jóhannsson, fjármálastjóri, [thorhallurj@nova.is](mailto:thorhallurj@nova.is), s. 770 1090.

## Tekjuflokkar

### FlakkNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur.

### FastNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fastnet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastnet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur.

### Vörusala

Tekjur af sölu á simtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði.

### Aðrar tekjur

Tekjur af annari fjarskiptatengdri starfsemi sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, svo sem fastlínuþjónusta, samrekstur, endursala á þjónustu o.fl. Auk annarra rekstrartekna.